

Bakkatjörn

6 - 13 ára

Úti og grenndarnám á Seltjarnarnesi
Verkefnabanki í Sjónlistum

Bakkatjörn

Bakkatjörn er stærst af þremur tjörnum sem prýða nesið. Þar er ýmiskonar gróður, fuglalíf og einnig er þar mikil mergð hornsíla. Við bakka tjarnarinnar stendur fuglaskoðunarhús sem er opið almenningi.



Markmið

Í þessum verkefnum fræðast nemendur um lífríkið kringum Bakkatjörn. Fuglalíf, smádýr og jarðvegsdýr verða rannsökuð og skapandi verkefni unnin. Nemendur kynna aðferðum rannsókna í listsköpun og áhersla lögð á óvæntar útkomur.

Aðferð / Útfærsla

Nemendur fara í vettvangsferð með kennara að Bakkaflöt og skoða lífríkið og gróður í kringum tjörnina. Ef veður leyfir er hægt að vinna verkefnið utan dyra eða fá aðstöðu innandyra td. í fræðasetrinu úti í Gróttu.



Efni

Teikniáhöld, pappír, skissubækur, vatnslitir.

Leir, efni sem er fundið á staðnum. Stækkunargler, speglar, myndavélar, símar, snjalltæki.

Snertifletir við aðrar greinar

Náttúrufræði, stærðfræði



Verkefni #1 Votlendi

Vangaveltur

Fræðsla um jarðvegsdýr og smádýr í votlendi
Votlendi: vatn, mýri, flói, dý
Myndbreytingar í náttúrunni

Hugtök


Votlendi
Mói
Jarðvegur
Jarðvegsdýr
Mengun
Vistspor
Vistkerfi
Fæðukeðjur

Aðferð

Votlendið rannsakað með spegli og stækkunargleri. Spegillinn staðsettur þannig að náttúran framlengist í honum. Teiknaðu eða taktu ljósmynd.

Lítið-stórt

Nemendur ganga um votlendið með stækkunargler, myndavél, síma og finna eitthvað smátt í náttúrunni sem þeir stækka upp. Hér má teikna eða taka ljósmynd og lýsa í orðum hvað myndin minni á þegar hún hefur verið stækkuð upp.



Verkefni #2 Hljóðin í náttúrunni

Vangaveitur


Hvernig eru hljóðin umhverfis okkur?
Hvernig getum við lýst þeim?
Hvernig áhrif hafa þau á mig?
Hvaðan kemur hljóðið?
Hvaða fuglstegund gefur frá sér þetta hljóð?
Hvað hugsa ég um þegar ég heyri þetta hljóð?
Er náttúruhljóð frábrugðin öðrum hljóðum?
Væri hægt að búa til tónlist úr þessum hljóðum?

Aðferð

Nemendur ganga um svæðið og setjast niður á bekki eða velja sér stað þar sem er næði og hlusta á hljóðin í náttúrunni.

Nemendur hlusta á hljóðin og taka þau upp á síma, skrifa þau niður og/eða lýsa þeim í nokkrum setningum.

Nemendur vatnslita úti og einbeita sér að hljóðunum sem þau heyra. Ef veður er vont vinna nemendur innandyra og hlusta á hljóðupptökur meðan þeir vatnslita.



Listamenn til að skoða

Ernst Haeckel (1834-1919) rannsakaði hið smáa í umhverfinu af mikilli alúð og kynnti fyrir öðrum með myndum og í fyrirlestrum.



Verkefni #3 Fuglar og smádýr

Vangaveltur

Leikur með skala og hlutföll og hið stóra og smáa.

Verkefnið sýnir fram á að allar lífverur hafa hlutverki að gegna í náttúrunni óháð stærð.



Aðferð

Búum til fugla og smádýr úr leir, rekavið eða fundnum efnivið. Tilvalið að stilla fuglunum upp til sýnis í Fuglaskoðunarhúsinu sem stendur við Bakkatjörn. Ef veður leyfir er hægt að stilla þeim upp umhverfis tjörnina á við og dreif.

Skoðum fugla og teiknum og vatnslitum fugla, fuglsegga, smádýr og plöntur sem finnast á svæðinu.

Teiknið mynd af öllu sem þið munið eftir að búi í moldinni. Hugsið um liti, korn, steina. Hvaða dýr? Hér má nota hugmyndaflugið og bæta við fornleifum og jafnvel fjársjóði.



Verkefni #4 Mitt eigið skordýr

Vangaveitur

Leikur með skala og hlutföll og hið stóra og smáa.


Verkefnið sýnir fram á að allar lífverur hafa hlutverki að gegna í náttúrunni óháð stærð.

Aðferð

Veljum okkur skordýr og búum til þrívítt skordýr í yfirstærð. Notum til þess vír eða efni á staðnum.

Skordýr valið og ljósmyndað með hlutlausum bakgrunni og bakgrunninum síðan skipt út fyrir annan í myndvinnsluforriti. Notum hugmyndaflugið og leikum okkur með hlutföll, skala og húmor. Hér er tilvalið að skoða vísindaskáldskap og kvikmyndir, skrifa sögur eða búa til myndasögu.

Skordýr stækkuð upp og teiknuð með pennum, litblýöntum og vatnslitum.



Listamenn til að skoða

Ernst Haeckel (1834-1919) rannsakaði hið smáa í umhverfinu af mikilli alúð og kynnti fyrir öðrum með myndum og í fyrirlesturum.



Verkefni #5 Plöntur í votlendi



Listamenn til að skoða

Rósa Sigrún

<https://rosasigrun.com/>

Jón Baldur Hlíðberg

<https://www.fauna.is/>

Eggert Pétursson

<https://i8.is/artists/136-eggert-petursson/works/>

Aðferð

Appið Plöntulykillinn notaður. Nemendur skoða plöntur á svæðinu og leita af þeim í Plöntulyklinum og fræðast um þær.

Plöntulykill

<http://genium.is/>

Nemendur kynna sér

Flóra Íslands

<http://www.floraislands.is/>

Nemendur skoða og tína nokkrar jurtir hver og setja í poka eða ílát. Jurtirnar eru síðan lagðar á milli dagblaða og pressaðar. Einnig hægt að nota krossviðarspjöld og bækur til að pressa betur. Sýnishornum komið fyrir í bók sem nemendur hafa unnið sjálfir og texti með heiti og eiginleikum plöntunnar skráður.

Einnig er áhugavert að skoða byggingu plantna og tengja við stærðfræði.



Bakkatiörn

